



Framkvæmdahópur um byggingu sundlaugar

7. Fundur, 29. október 2007

Framkvæmdahópur um byggingu sundlaugar hélt sjöunda fund sinn mánudaginn 29. október 2007, kl. 16:00 að Hnjúkabyggð 33, dómsal. Mæting skv. undirskriftum.

Héðinn Sigurðsson setti fundinn og stjórnaði honum. Einar Kolbeinsson ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Framhald hönnunarvinnu og samningar við hönnuði.
2. Möguleikar til lækkunar framkvæmdakostnaðar.
3. Önnur mál.

1. Framhald hönnunarvinnu og samningar við hönnuði.

Einar Kolbeinsson lagði fram minnisblað vegna fundar með Jóni Guðmundssyni, arkitekt. Þar kemur fram að Jón er fús til samstarfs um hönnun laugarinnar. Miklar umræður urðu um samsetningu hóps hönnuða og mögulega aðkomu einstakra aðila. Rætt var um að koma á fundi með þeim hönnuðum sem nefndir hafa verið til sögunnar, til samræmingar og skipulagningar hönnunarferlisins. Einari Kolbeinssyni var falið að leiða samningagerð við hönnuði.

2. Möguleikar til lækkunar framkvæmdakostnaðar.

Rætt var um möguleika til niðurskurðar kostnaðar. Fundurinn taldi rétt að halda áfram með hönnun mannvirkisins til að fá nákvæmari kostnaðartölur til að vinna með. Í framhaldi á því væri síðan hægt að meta hvort nauðsynlegt væri að skera af eða fresta einstaka framkvæmdaliðum sökum kostnaðar.

3. Önnur mál.

Guðmundur Haraldsson óskaði eftir að svohljóðandi athugasemd yrði færð til bókar:

Ég harma þá ákvörðun bæjaryfirvalda að ætla að byggja útisundlaug þar sem ég er eindreginn stuðningsmaður innilaugar. En jafnframt fagna ég þeirri ákvörðun að ákveðið sé að hefja byggingu sundlaugar og mun ég vinna heils hugar að þeim málefnum með nefndinni.

Undir bókunina ritar Guðmundur Haraldsson

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 17:00

Eyjólfur Þórarinsson
Héðinn Sigurðsson
Ágúst Þór Bragason
Guðmundur Haraldsson
Stefán Árnason, byggingafulltrúi
Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri

Einar Kolbeinsson